

Gátlisti vegna umsóknar um tímabundið atvinnuleyfi fyrir íþróttafólk:

□ Umsókn um tímabundið atvinnuleyfi

- Upplýsingar um umsækjanda og atvinnurekanda (reitir I-III)
Fullnægjandi upplýsingar þurfa að liggja fyrir um báða aðila, þ.á.m. heimilisfang útlendings, bæði hér á landi og í heimalandi. Á umsókn skal taka fram fyrirhugaðan ráðningartíma og hvort að leitað hafi verið til svæðismiðlunar Vinnumálastofnunar vegna starfsins.
Koma skulu fram upplýsingar um menntun og starfssögu útlendings, enda er umsókn grundvölluð á sérfræðipækkingu starfsmanns.
- Upplýsingar um maka og börn útlendings (reitir V-VI.)
Veita skal upplýsingar um fjölskylduhagi útlendings, enda eru þær upplýsingar nauðsynlegar úrvinnslu dvalar – og atvinnuleyfis.
- Mikilvægt er að bæði atvinnurekandi og útlendingur skrifi undir umsóknina. Skorti undirskrift annars hvors leiðir það til þess að ekki er hægt að taka umsóknina til afgreiðslu.

□ Ráðningasamningur milli atvinnurekanda og útlendings vegna starfs sem krefst sérfræðipækkingar

- Ráðningarsamningur skal fylgja umsókn um atvinnuleyfi, en ekki er hægt að vinna úr leyfinu nema að slíkur samningur fylgi umsókn.
- Undirritaður af báðum aðilum.
- Upplýsingar um vinnufyrirkomulag, launakjör og önnur hlunnindi.
 - Hér undir falla hlunnindi eins og fæði, húsnæði og afnot af bifreið.
- Upplýsingar um lífeyrissjóð sem greitt yrði í vegna útlendings.